



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla
Náttúrustofu Austurlands
1998

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands árið 1998

Náttúrustofa Austurlands

Náttúrustofa Austurlands hefur starfað í Neskaupstað frá því í júní 1995. Hlutverk Náttúrustofunnar er víðtækt á sviði náttúrufræða en má í grófum dráttum skipta í 3 meginþætti sem eru: Rannsóknir, söfnun og varðveisla heimilda og gagna og fræðsla. Allmörg verkefni hafa verið unnin hjá Náttúrustofu Austurlands frá upphafi og nokkur eru í undirbúningi. Meginþorri verkefnanna eru umhverfisrannsóknir vegna framkvæmda og fræðsluverkefni. Ekki hefur verið nægilega mikið unnið í gagnasöfnun um náttúru Austurlands og auka þyrfti rannsóknir af fræðilegum toga. Áætlað er að gera sérstakt átak í söfnun gagna og heimilda um náttúru Austurlands þegar stofan verður komin í framtíðar húsnæði. Miðað við verkefni sl. árs er ljóst að bæta þyrfti við föstum starfsmanni til að geta sinnt þeim þjónusturannsóknum sem bjóðast en jafnframt sinnt einhverju þróunar- og uppbyggingarstarfi. Stjórn Yfir náttúrustofunni starfar stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Hlutverk hennar er að fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi, auk þess að ráða forstöðumann. Skipunartími stjórnar er milli sveitarstjórnakosninga. Ný stjórn var skipuð formlega af umhverfisráðherra nú í október. Stjórnin er þannig skipuð: Líneik Anna Sævarsdóttir, Fáskrúðsfirði, formaður, skipuð án tilnefningar og Aðalsteinn Aðalsteinsson, Höfn, varaformaður, skipaður án tilnefningar. Samkvæmt tilnefningu sameinaðs sveitarfélags, Eskifjarðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar: Aðalmenn: Einar Már Sigurðarson, Neskaupstað og Jón Kristjánsson, Egilsstöðum. Varamenn: Einar Þórarinnsson, Neskaupstað og Hálf dán Haraldsson, Neskaupstað. Fræðsluverkefni- Fræðslustígur í fólkvangi Neskaupstaðar. Þessu verkefni var lokið á sl. sumri og einnig tók Náttúrustofan að sér að merkja leiðir í fólkvanginum og var því einnig lokið sl. sumar. Rannsóknarverkefni- Rannsóknir á hreindýrabeit í eyðibyggdum á Gerpissvæðinu. Stefnt er að því að fylgjast með gróðri og gróðurfarsbreytingum þarna í nokkur ár.- Fuglar í fjarðarbotnum. Náttúrustofan hefur ákveðið að reyna að afla upplýsinga um mikilvægi fjarðarbotna og leira á Austurlandi fyrir fugla. Ástæðan er m.a. sú að líklegt er að vegagerð eigi eftir að breyta sumum þessara fjarðarbotna. Þetta verkefni fer hægt af stað þar sem ekki hefur fengist til þess sérstakt fjármagn. Fuglatalning var þó gerð í sumar í Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði og Seyðisfirði. Umhverfisrannsóknir vegna framkvæmda- Rannsóknir á gróðurfari og dýralífi í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað vegna mats á umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum snjóflóðavörnum. Þessu verkefni var lokið sl. vetur. - Rannsóknir á dýralífi og gróðurfari í Bjólfinum á Seyðisfirði vegna mats á umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum snjóflóðavörnum. Þessu verkefni lauk sl. sumar. - Rannsóknir á gróðri í Reyðarfirði vegna fyrirhugaðs álvers. Þetta er margþætt verkefni. Það felur í sér gróðurlýsingar, tegundaskráningu, kortlagningu gróðurs og mælingar á þekju mismunandi tegunda í helstu gróðurlendum. Einnig er lagt mat á næmi tegunda fyrir mengunarefnum, sérstaklega loftbornum flúorefnum og er sá hluti unnin af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í samvinnu við sænskan sérfræðing.- Úttekt á gróðurfari á fyrirhuguðum sorpurðunarstað Vopnfirðinga og nágretta þeirra. - Úttekt á gróðurfari á mögulegum vegastæðum fyrir nýjan veg um Njarðvík. Ýmis verkefni sem Náttúrustofan vinnur stöðugt að- Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands en stefnt er að því að gera átak í að safna rituðum heimildum þegar Náttúrustofan flyst í nýtt húsnæði. - Fyrirlestrar í skólum og skólaheimsóknir.- Reynt

er að svara fyrirspurnum frá almenningi, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum varðandi náttúrufræði og náttúruverndarmál.

Starfsfólk

Forstöðumaður var eini fasti starfsmaðurinn í fullu starfi við Náttúrustofuna. Starfsfólk bæjarsjóðs Neskaupstaðar annast bókhald. Ari Magnús Benediktsson, líffræðingur, starfaði hjá Náttúrustofunni í tæpa 3 mánuði sl. sumar og vann hann einkum að lokafrágangi fræðsluverkefna í fólkvangi Neskaupstaðar og gróðurrannsóknum í Reyðarfirði. Línceik Anna Sævarsdóttir, líffræðingur, vann að gróðurrannsóknum í Reyðarfirði í 3-4 vikur í júlí og ágúst. Halldór Walter Stefánsson vann að fuglarannsóknunum. Auk þess aðstoðuðu Gunnar Ólafsson og Karólína Einarsdóttir við vettvangsrannsóknir. Náttúrustofa fékk einnig starfsfólk frá Náttúrufræðistofnun Íslands til liðs við sig vegna gróðurkortlagningar og vegna úttektar á fléttugróðri í Reyðarfirði. SamstarfStarfandi náttúrustofur hafa með sér samstarf. Markmið samstarfsins er að treysta hlutverk og sess náttúrustofa en einnig faglegt samstarf. M. a. er fyrirhugað að náttúrustofurnar birtu niðurstöður rannsókna í sameiginlegri ritröð. Samkvæmt lögum eiga forstöðumenn Náttúrustofa að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands og hefur forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands setið í stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands frá því haustið 1997. Náttúrustofa Austurlands hefur auk þess verið í samstarfi við ýmsa aðila. Má nefna: Náttúrugripasafnið í Neskaupstað og eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, bæði Akureyrar- og Reykjavíkurstet, verkfræðistofuna Hönnun og ráðgjöf, Vegagerð ríkisins á Austurlandi og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Verkefni framundan Framtíðarverkefni velta á því að til þeirra fáið fjármagn. Fátt er því fast í hendi enn annað en þau verkefni sem eru í vinnslu. Hér verða nefnd nokkur af þeim verkefnum sem eru í vinnslu eða undirbúningi: Úrvinnsla og skýrslugerð vegna gróðurrannsóka í Reyðarfirði mun standa yfir í vetur. Hreindýrabeitarrannsóknunum á Gerpissvæðinu verður haldið áfram næstu ár og áfram verður unnið að úttekt á fuglalífi í fjarðarbotnum á Austurlandi. Sótt hefur verið um styrk til rannsókna á vexti fjallgrasa á Jökuldalsheiði en Náttúrustofan hefur áður reynt að fá fjármagn til að koma því verkefni af stað. Árið 1997 kom nefnd skipuð af umhverfisráðherra fram með tillögu um að fá Náttúrustofunni hlutverk varðandi hreindýrannsóknir. Ákveðin undirbúningsvinna hefur verið unnin vegna þessa en lagabreytingar þarf til svo af því geti orðið með formlegum hætti. Frumvarp þar að lútandi hefur enn ekki verið lagt fram. Fjölmörg önnur verkefni eru í athugun eða á hugmyndastigi.

Húsnæði

Náttúrustofan er enn í bráðabirgðahúsnæði en séð er fyrir endann á því. Unnið er að breytingum á framtíðarhúsnæði fyrir stofuna og útibú Rannsóknastofnunnar fiskiðnaðarins (RF), í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands. Þar er Náttúrustofunni ætlað ágætt rými sem samanstendur af rannsóknastofu, 2 skrifstofuherbergjum, bókaherbergi og geymslu, ásamt sameiginlegu húsnæði með RF. Stefnt er að því að stofan flytji starfsemi sína í þetta nýja húsnæði snemma árs 1999. Með flutningnum gerbreystist aðstaða Náttúrustofunnar til rannsóknavinnu, til söfnunar bóka og annarra heimilda og gagna og einnig hvað varðar starfsumhverfi. Þá opnast ýmsir möguleikar á fjölbreyttari starfsemi sérstaklega á sviði fræðslu. Skólinn og stofnanirnar tvær, sem verða í sambýli vænta þess einnig að það geti orðið til að styrkja tengingu rannsóknastarfa og menntunar. Uppbygging náttúrustofa Náttúrustofur, sem starfa skv. lögum nr. 60/1993 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, eru nú að taka til starfa víðs vegar um landið. Lögin kveða á um að umhverfisráðherra geti heimilað starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Héraðsnefndir, sveitarfélög og heimamenn geta átt og rekið náttúrustofur með stuðningi ríkisins og takmarkast framlag ríkisins við laun forstöðumanns í fullu starfi og helming stofnkostnaðar. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæminu eftir skipulagi sem rekstraaðilar koma sér saman um. Heimilt er einnig að kjördæmi sameinist um eina náttúrustofu. Framtíð náttúrustofa Þótt náttúrustofunum sé ætlað víðtækt hlutverk, hverri í sínu kjördæmi, hefur reyndin orðið sú að einungis eitt sveitarfélag hefur staðið að rekstri hvernar stofu. Á Austurlandi er það Neskaupstaður, nú sameinað sveitarfélag á fjörðum. Það er augljóst að bolmagn einstakra sveitarfélaga til að leggja fé í rekstur er takmarkað, auk þess sem þau skuldbinda sig til að leggja fé í stofnkostnað, a.m.k. til jafns við framlag ríkisins. Uppbygging á aðstöðu hefur þó gengið mjög vel, starfsemin komist vel af stað og verkefni af fjölbreytilegum toga þegar verið unnin hjá þeim náttúrustofum sem nú starfa. Sameining sveitarfélaga, og/eða samvinna þeirra um rekstur náttúrustofa, getur án vafa treyst rekstur stofanna og gert þeim kleift að rækja betur það hlutverk sem þeim er ætlað. Náttúrustofurnar þyrftu að geta fjölgað föstu starfsfólki áður en langt um líður. Þannig verður starfið markvissara og hægt að takast á við viðameiri verkefni og nýta betur sérfræðiþekkingu. Þetta er einnig nauðsynlegt þar sem erfitt er oft að fá sérhæft fólk til tímabundinna starfa í dreifðum byggðum. Hugmyndir eru uppi um að fá náttúrustofunum aukið hlutverk varðandi náttúruvernd og að tengja störf náttúruverndarnefnda og náttúrustofa. Slíkt getur án efa reynst vel. Mikilvægt er þó að náttúrustofurnar fái einnig að þróast sem rannsóknarstofnanir, m.a. til að þær geti þjónað vel ráðgjafarhlutverki sínu. Það hlýtur einnig að vera æskilegt að til séu stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins sem geta tekið að sér rannsóknaverkefni á sviði náttúrufræða, boðið sérhæfðu starfslíði vinnu við sitt hæfi og miðlað þekkingu. Náttúrustofurnar eru komnar með, eða u.þ.b. að taka í notkun, góða rannsóknaaðstöðu og þar starfar vel menntað fólk. Því ætti ekkert að vera að vanbúnaði að þeim sé fengin verkefni á sviði náttúrufræðis eða náttúruvæðis eftir því sem hentar á hverjum stað.

Guðrún Á. Jónsdóttir forstöðumaður

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: skarphedinn@na.is